



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2020
R20030217

Borgarráð

Tilnefning fulltrúa í samráðshóp vegna forsetakosninga 27. júní 2020

Hjálagt erindi dómsmálaráðuneytisins dags. 18. mars 2020, þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa í samráðshóp sem hefur það hlutverk að undirbúa framkvæmd kosninga til forseta Íslands sem fram fer þann 27. júní nk., er lagt fram til kynningar. Helga Björk Laxdal hefur verið tilnefnd fyrir hönd Reykjavíkurborgar, þá hefur Bjarni Þóroddsson verið tilnefndur varafulltrúi.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindi Dómsmálaráðuneytisins varðandi samráðsvettvang vegna forsetakosninga 27. júní 2020, dags. 18. mars 2020

Efni: Samráðsvettvangur vegna forsetakosninga 27. júní 2020.

Tilvísun í mál: DMR19100151

Góðan dag.

Kjör forseta Íslands fer fram laugardaginn 27. júní 2020 og hefur dómsmálaráðuneytið nú þegar hafið undirbúning að framkvæmd kosningarinnar.

Æskilegt er að skapa samráðsvettvang þeirra aðila sem koma að verkefninu með ýmsum hætti og því óskar ráðuneytið eftir því að eftirtaldir aðilar/stofnanir tilnefni fulltrúa sinn í slíkan samráðsvettang:

Landskjörstjórn.
Yfirkjörstjórnir.
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.
Samband ísl. sveitarfélaga.
Þjóðskrá Íslands.
Hagstofa Íslands.
Utanríkisráðuneytið.
Reykjavíkurborg.

Þess er óskað að tilnefning berist ráðuneytinu sem fyrst og eigi síðar en 25. mars nk.

Þegar tilnefning liggur fyrir mun ráðuneytið boða aðila til fundar þar sem farið verður almennt yfir stöðuna og næstu skref. Fer það eftir aðstæðum í samfélaginu hvort um fjarfund verður að ræða eða hefðbundinn fund.

Það athugist að hvað landskjörstjórn og yfirkjörstjórnir varðar þá er þessi póstur sendur til þess aðila sem fyrstur var tilgreindur í bréfi Alþingis til ráðuneytisins, þegar tilnefningin var tilkynnt því.

Vinsamlega staðfestið móttöku pósts þessa.

Með góðri kveðju

Hjördís Stefánsdóttir, lögfræðingur
Dómsmálaráðuneytið / Ministry of Justice
Sölvhóls götu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9000
www.domsmalaraduneyti.is -
[Fyrirvari/Disclaimer](#)